

## 2. fundur Betadeildar, haldinn í Brekkuskóla mánudaginn 10. okt. 2016, kl. 19:30

- ❖ Aníta setti fundinn og Bað Eygló um að kveikja á kertunum. Aníta framkvæmdi þá nafnakall og bar kveðjur fjarstaddra kvenna.
- ❖ Sigrún Aðalgeirsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún greindi frá vangaveltum sínum um styttingu náms til stúdentsprófs og hvernig það hefur áhrif á hennar starf sem tungumálakennari. Hún fjallaði um erindi sem Margrét Helga Hjartardóttir, frönskukennari í Kvennaskólanum, flutti í tilefni evrópska tungumáladagsins 2015. Þar fjallar Margrét um áhrif styttingar á námi til stúdentsprófs á tungumálakennslu og nám. Að hennar mati ber tungumálanám skarðan hlut og niðurskurður kemur fram í því að nemendur fá minni kennslu á námsferli sínum. Umræður urðu um hugleiðingu Sigrúnar og Erna Gunnarsdóttir tók undir orðin og sagði þetta vera raunina á hennar starfsvettvangi í VMA.
- ❖ Fríða las fundargerð síðast fundar og var hún samþykkt. Hún kallaði þá Anítu formann til sín og bar henni kveðju Bjarkar Sigurðardóttur fráfarandi formanns sem ekki komst á fundinn og nældi í Anítu formannsnælu.
- ❖ Aníta heiðraði Hönnu Salómons dóttur í tilefni þess að hún átti stórafmæli þann 16. mars sl. Hönnu var færð rós frá Betasystrum og gjafakarfa/bréf frá UNICEF sem bætir líf barna í neyð. Hanna þakkaði fyrir sig og lýsti því hve líf hennar á þessum aldri væri gott og að hún hefði nóg fyrir stafni, m.a. við að nýta alls kyns gjafabréf sem henni voru færð í tilefni afmælisins.
- ❖ Aníta las bréf frá Ragnheiði Stefánsdóttur þar sem hún þakkar Betasystrum samveru, hjálpsemi og vináttu. Ragnheiður segir sig nú úr Beta eftir 35 ára veru í deildinni. Hún hefur fengið flutning í Gammadeild þar sem hún er nú flutt í Kópavoginn.
- ❖ Kynningar á nýjum konum. Kynntar voru tillögur að fimm nýjum félagskonum. Í framhaldi af kynningum urðu umræður um fjölda í deildinni og rætt var að bjóða þeim öllum til samstarfs þar sem óvíst er að allar þekkist það að ganga til liðs við DKG. Okkur í Beta hefur fækkað svo það er mikilvægt að bregðast við. Sú hugmynd var viðruð að stefna að því að bjóða konum sem eru af erlendu bergi brotnar í deildina. Þar er vísað til erindis sem flutt var á vorþingi DKG þar sem samtökin voru hvött til þess að taka inn nýbúa. Var þeirri hugmynd vel tekið og lagt til að það yrði haft að leiðarljósi á næsta starfsári. Rætt var að gott væri að bregðast strax við og Betakonur hvattar til þess að fara að velta fyrir sér líklegum félagskonum úr hópi nýbúa. Nokkrar umræður um að inntökuferlið sé nokkuð þungt í vöfum. Aníta minnti á að fram að næsta fundi geta félagskonur gert athugasemdir við tilnefningar. Skuli þær berast stjórn eða útbreiðslunefnd.
- ❖ Aníta greindi frá því að hún hefði haft samband við Rauða krossinn vegna erindis sem greint var frá á síðasta fundi. Mikil þörf er fyrir stuðning við heimanám og lestur nýbúa. Slíkt aðstoð

hefur verið í boði í Lundarskóla og Síðuskóla og nú er Oddeyrarskóli að fara af stað með samskonar verkefni. Um er að ræða aðstoð eftir að skóla barnanna lýkur, milli 2 og 3 á daginn. Einnig vantar íslenskukennslu fyrir sýrlenska konu og 28 ára sýrlenskan karl (þar er þó óskað eftir karlmanni). Ef Betasystur sæju sér fært að taka þátt í þessum verkefnum eða vissu af einhverjum sem gætu það þá er þeim bent á að hafa samband við Ingibjörgu hjá Rauða krossinum.

❖ Önnur mál:

- Aníta þakkað fyrir gott samræðuþing DKG 5. okt sl. Selma sem var fulltrúi Beta í undirbúningshópnum lýsti ánægju undirbúningshópsins og vildi taka það fram að þungi undirbúnings hefði hvílt á Þorgerði úr Beta og Birnu úr Mý. Það var leitt að veður kom í veg fyrir að Ragnhildur Bjarnadóttir, einn fyrirlesara komst ekki norður, en að öðru leyti tókst þingið vel og mæting var betri en búist var við. Milli 60 og 70 manns mættu á þingið. Grein um þingið hefur þegar birst í Skólavörðunni. Rætt var um að þetta framtak hefði verið gott, vakið athygli og endilega ætti að halda því vakandi að fagna þessum degi ár hvert.
- Eygló vakti máls á því að fresta lokafundi Beta til 2. júní sem er stofndagur Betadeildar þar sem árið 2017 fagnar Beta 40 ára afmæli. Vel var tekið í þá hugmynd og var hún samþykkt. Rætt var um að muna eftir því að heiðra konu á þeim fundi eins og hefð er fyrir að gera á afmælisárum á 5 ára fresti. Eygló greindi frá því sem gert var á 30 ára afmælinu en þá var haldinn fundur og svo farið í ferðalag til Húsavíkur. Því var vísað til stjórnar að skipuleggja þennan dag.

❖ Erindi Jónínu Hauksdóttur þar sem hún sagði frá ferð sinni til Mexíkó í mars 2015.

Jónína fékk boð um að vera fulltrúi Akureyrarbæjar í sendinefnd sem fór til Monterrey í Mexíkó vegna kynningar og samstarfs við CENDI skóla sem þar eru reknir. Í ferðina fóru fulltrúar mennta- og heilbrigðisstofnana á Akureyri. Markmiðið var að koma á samskiptum og tengslum. Rekstraraðilar CENDI skólanna horfa til Norðurlandanna sem fyrirmynda að sínu skólastarfi. CENDI skólarnir eru skólar (leikskólar að mestu) sem hafa það að leiðarljósi að menntun sé leið úr fátækt og fáfræði. Skólarnir starfa í fátækrahverfum Mexíkó þar sem aðbúnaður barna er slæmur og möguleikar til menntunar litlir. Markmiðið með starfinu er að mennta börn til þess að verða sjálfstæð og standa með sjálfum sér og mennta foreldra og styðja við þá til þess að verða betri uppalandur. Skólarnir hafa þrjár grunnstoðir sem eru menntun, heilbrigði og næring. Skólastarfið byggir á því að allir þessir grunnþættir eru taldir gegna lykilhlutverki til þess að ná markmiðum starfsins.

- ❖ Að loknu erindi Jónínu voru kaffiveitingar, pyngjan góða gekk og dregið var í happdrættinu. Elín Magnúsdóttir fékk vinninginn að þessu sinni.
- ❖ Í samræmi við umræður og samþykkt á síðasta fundi sungum við svo lagið Dvel ég í draumahöll.
- ❖ Aníta minnti á að á síðasta fundi var rætt að senda greiðsluseðla í heimabanka. Mun það koma í hlut nýs gjaldkera Mörthu Lilja Marthensdóttur Olsen sjá um að það. Nokkrar umræður urðu um málið og minnti Aníta á að það hefði verið lagt til á framkvæmdaráðsfundi DKG að hafa þennan hátt á.
- ❖ Fundi slitið kl. 22:05